

Borgarráð

Efni:

BORGARRÁÐ 30. janúar 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að íbúaráðin finni leiðir til að auka samvinnu við stofnanir í hverfum þeirra - R20010381

Á fundi stýrihóps um innleiðingu íbúaráða þann 6. febrúar var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sem vísað var til skoðunar stýrihópsins af fundi borgarráðs þann 30. janúar s.l.:

Tillaga Flokks fólksins að íbúaráðin hlutist til um að stofnanir í hverfinu tengist meira en nú er raunin og að íbúar hverfisins eigi þá mögulega ríkari samskipti. Flokkur fólksins leggur til að eitt af hlutverkum íbúaráða sé að finna leiðir til að auka og dýpka bæði fagleg og persónuleg tengsl íbúa hverfa í gegnum stofnanir borgarinnar í hverfinu. Sjá má íbúaráðin sem eins konar lím milli skóla, leikskóla, félagsmiðstöðva og menningarstaða hverfisins. Með aukinni samvinnu tengjast einstaklingar meira og börn og fullorðnir hverfisins geta sameinast í aukunum mæli í leik og starfi. Flokkur fólksins leggur til að þessi tillaga verði send til íbúaráðanna til skoðunar. Hér er sett fram hugmynd sem gæti verið hluti af hugmyndafræði íbúaráða sem borgarfulltrúi Flokks fólksins telur að hægt mætti útfæra nánar í íbúaráðunum. Stýrihópurinn vísar tillögunni til skoðunar allra íbúaráða, ásamt svohljóðandi gagnbókun borgarráðsfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna, undir liðum 2.,3. og 4. sbr. fundargerð borgarráðs frá 30. janúar :

Nýr lýðræðisvettvangur hverfanna, íbúaráðin, fara vel af stað, sem er gleðiefni. Meðal verkefna íbúaráða sem samþykkt voru af borgarstjórn vorið 2019 eru „a. Samtal milli íbúa og stjórnarsýslunnar“ sem felur í sér að „styrkja tengingu og stytta boðleiðir milli íbúa og stjórnarsýslu borgarinnar, stuðla að aukinni upplýsingagjöf til íbúa og styrkja möguleika íbúa til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri hvað varðar pólitíska ákvarðanatöku“ og „b. Samvinna innan hverfanna“ sem felur í sér að íbúaráðin skuli „leggja sig fram við að vera lifandi samstarfsvettvangur innan svæðisins í samstarfi við bakhóp sem skipaður er af fjölbreyttum hagsmunaaðilum hverfisins“. Ekki er því talin þörf á að útvíkka skilgreiningu ráðanna til að koma til móts við þessi atriði þar sem að núverandi fyrirkomulag tekur vel á þeim.

Virðingarfyllst

Elísabet Pétursdóttir

Afrit:
Íbúaráð Reykjavíkurborgar